

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

219. FUNDUR.

219. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 27. júní árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 10:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

Kosning samkvæmt 36. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kosning aðal- og varamanna í byggðarráð. Lögð var fram tillaga um Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, Stefán Böðvarsson og Elínu R. Líndal sem aðalmenn og Leó Örn Þorleifsson, Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur og Ragnar Smára Helgason sem varamenn. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum. Fram lögð tillaga um Sigurbjörgu Jóhannesdóttur sem formann byggðarráðs og Stefán Böðvarsson sem varaformann byggðarráðs. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Áheyrnarfulltrúi S- lista er Elín Jóna Rósinberg og Pétur Arnarsson til vara. Áheyrnarfulltrúi hreppsnefndar fyrrum Bæjarhrepps er Sigurður Kjartansson og Guðmundur Waage til vara. Í samræmi við ákvæði 2. gr. Hafnarreglugerðar fyrir Hvammstangahöfn fer byggðarráð með stjórn Hvammstangahafnar. Fram lögð tillaga um Sigurbjörgu Jóhannesdóttur sem formann stjórnar Hvammstangahafnar og Stefán Böðvarsson sem varaformann stjórnar Hvammstangahafnar. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:22

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir..

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.